

Nr. 129 / 15 Finnbjörn ÍS 68

Sökk við bryggju

Skipaskr.nr. 1636
Smíðaður: Svíðþjóð, stál, árg: 1977
Stærð: 59,99 brl. 62 bt.
Mesta lengd: 21,2 m Skráð lengd: 19,48 m
breidd: 4,8 m Dýpt: 3,12 m
Vél: Caterpillar 375 kw, árg: 1998
Fjöldi skipverja: 1



Finnbjörn©Sigurbrandur Jakobsson

Gögn:
Lögregluskýsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. maí 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 26. desember 2015 var Finnbjörn ÍS 68 við bryggju í Bolungarvík

Báturinn sökk í höfninni en fram kom að vélstjóri hans hefði athugað með bátinn daginn áður og þá hefði allt virst í lagi.



Við rannsókn kom fram:

- að ummerki sýndu að gálgahorn (*sjá mynd A*) á bátnum stjórnborðsmegin hafði farið undir hjólbarða á bryggjunni og við það hafi komið halli á bátinn, sjór streymt inn um lensportin og niður um fiskiop niður í lest;
- að um var að ræða gálgann fyrir snurvoðartromluna en, hann náði rúma 21 cm út fyrir borðstokkinn;
- að fjögur fiskiop voru á þilfarinu, tvö stjórnborðsmegin og tvö bakborðsmegin, tvö fremri voru í 32 cm hæð frá þilfari;
- að fiskiopin voru öll opin niður í lest og engar lokur til staðar til að loka þeim;
- að engar sjálfvirkar lensidælur voru í bátnum;
- að lokað var fyrir alla botnloka;
- að stórsteymt var og höfnin ísilögð;
- að ekki hafði verið gerð athugasemd við lokunarbúnað á þessum fjórum fiskiopum í síðustu tveimur úttektum hjá Skoðunarstofu;
- að samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu hefur eftirlit stofnunarinnar með skoðunarstofum ekki verið mikið eftir að Samgöngustofa varð til.



Mynd A



Mynd B

Úrbætur eftir atvikið:

- að gerðar hafa verið endurbætur á gálganum stjórnborðsmegin (*sjá mynd B*) til að koma í veg fyrir að gálginn festist aftur í dekkjum á bryggjunni;
- að búið er að setja við lok á fiskilúgur (*sjá mynd C*).



Mynd C

Nefndarálit:

Orsök þess að báturinn sökk var að gálgi festist í hjólbarða á bryggjuþili og slagsíða kom á bátinn þannig að sjór náði að flæða inn í lestina um fiskiopin sem voru ekki með vatnspéttum lokunarbúnaði.

Sérstök ábending:

Nefndin telur ámælisvert að skoðunarstofa hafi ekki gert athugasemd við frágang á þessum fjórum fiskiopum sem var ekki í samræmi við gildandi reglur. Lestaropum var ekki lokað með vatnspéttum hlerum og karmhæð of lítil.

Nefndin telur nauðsynlegt að eftirlit með skoðunarstofum verði bætt.